

7. gr.

Þegar Seðlabankinn fellir niður gengisskráningu skal tollstjóri fella niður móttöku aðflutningsskjala þar til sölugengi erlendar myntar er skráð að nýju.

Tollstjóra er þó heimilt þegar svo stendur á sem um ræðir í 1. mgr. að heimila bráðabirgðatollafgreiðslu á vörum gegn fjártryggingu í samræmi við ákvæði 21. gr. tollskrárlaga, sbr. reglur nr. 23/1982. Í þeim tilvikum skal tollafgreiðslugengi vera sölugengi erlendar myntar sem síðast var skráð af Seðlabankanum að viðbættu því álagi sem viðkomandi viðskiptabanki ákveður til bráðabirgða fyrir gjaldeyrisyfirlærslur vegna innfluttra vara. Ríkissjóðsgjöld, við það miðuð, skulu innheimt án álags skv. 2. gr. reglna nr. 23/1982, enda séu aðflutningsskjöl að öðru leyti fullnægjandi. Fjártrygging sem sett hefur verið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal gerð upp miðað við tollafgreiðslugengi það sem gildi tekur er sölugengi erlendar myntar er skráð að nýju og skal innflytjandi vegna lokauppgjörðs afhenda viðkomandi tollstjóra fullnægjandi aðflutningsskjöl innan fimm virkra daga frá gildistöku hins nýja tollafgreiðslugengis, nema lengri frestur hafi verið veittur.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., sbr. 10. gr. laga nr. 79/1982 um efnahagsaðgerðir, og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 25/1983 um sama efni og reglugerð nr. 316/1983 um breyting á henni.

Fjármálaráðuneytið, 22. janúar 1985.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Björn Hafsteinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 480/1984 um innheimtu þinggjalda á árinu 1985.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema rauntekjur hans hafi lækkað svo mjög milli árána 1983 og 1984 að tekjuskattsstofn hans á tekjuárinu 1984 sé meira en 25% lægri en tekjuskattsstofn hans var á tekjuárinu 1983, eftir að síðarnefnd fjárhæð hefur verið hækkuð um 25%. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra, enda hafi fjölskylduástæður gjaldanda breyst eða aðrar aðstæður skert gjaldþol hans verulega.

Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 8. janúar 1985.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Árni Kolbeinsson.